



Til frístunda- íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa sveitarfélaga, umsjónarfólks vinnuskóla og sveitastjóra

Reykjavík, 15. maí 2024

Efni: Aðgengi barna úr Grindavík að frístundastarfi og vinnuskólum sumarið 2024

Tilgangur þessa erindis er að fara yfir stöðu frístundastarfs barna og unglunga, með lögheimili í Grindavík, sumarið 2024 auk þess að biðla til sveitarfélaga að aðstoða börn og unglunga til að stuðla að virkni þeirra og draga úr brottfalli.

Frístundastarf barna og unglunga úr Grindavík

Flest þau barna sem sóttu íþróttá- og frístundastarf í Grindavík fyrir rýmingu, sóttu starf á vegum Ungmennafélags Grindavíkur (UMFG). UMFG hefur reynt að halda úti íþróttáæfingum eftir bestu getu. Starfið er hins vegar dreift og aðsókn hefur dalað. Knattspyrnudeild UMFG hefur tekið þá ákvörðun að leggja niður yngstu flokka deildarinnar frá og með 1. maí nk. Körfuknattleiksdeildin mun klára núverandi keppnistímabil en að öllum líkindum fylgir deildin í fótspor knattspyrnudeildarinnar í vor.

Félagsmiðstöðin Þruman hefur haldið úti starfsemi í samstarfi við félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Mætingin er dræm en viðvera forstöðumanns á skólatíma í Laugalækjarskóla hefur þó skilað miklu. Þá hefur barnakór Grindavíkurkirkju ekki haldið úti æfingum eftir áramót.

Börnum og unglungum úr Grindavík hefur staðið til boða að sækja íþróttá- og frístundastarf á vegum félaga og aðila utan sveitarfélagsins á síðustu mánuðum. Oft hefur það verið í boði án endurgjalds og kann Grindavíkurbær skipuleggjendum starfsins bestu þakkir fyrir. Þá hafa unglingar úr Grindavík haft aðgang að endurgjaldslausum strætókortum með það að markmiði að draga úr brottfalli úr frístundastarfi. Því miður hefur brottfallið engu að síður raungerst samanber þær tölur sem Háskólinn í Reykjavík hefur tekið saman fyrir Grindavíkurbæ og UMFG.

Frístundastarf í Grindavík yfir sumartímamann

Í eðlilegu árferði í Grindavík hefði börnum og unglungum staðið til boða í sumar íþróttáæfingar og leikjanámskeið á vegum UMFG, Golfklúbbs Grindavíkur og Hestamannafélagsins Brimfaxes. Þá hefur félagsmiðstöðin Þruman verið opin síðustu ár auk Kvikunnar menningarhúss þar sem boðið hefur verið upp á námskeið í samvinnu við Þrumuna. Loks ber að nefna að Grindavíkurbær hefur rekið vinnuskóla fyrir 14-17 ára unglunga.

Áðurnefnd íþróttafélög munu ekki starfrækja barna- og unglungastarf í sumar og útilokað er fyrir Grindavíkurbæ að starfrækja vinnuskóla utan sveitarfélagsins. Því er ljóst að börn og unglingar úr Grindavík þurfa að sækja frístundastarf annað en til félaga úr Grindavík. Það geta í einhverjum tilfellum



verið þung skref. Þá getur verið flókið að velja staðsetningu á frístundastarfi enda eru húsnæðismál Grindvíkinga með þeim hætti að fjölskyldur gætu þurft að flytja einu sinni eða oftár í sumar.

Aðsetur barna og unglunga með lögheimili í Grindavík

Grindvíkingar, sem voru með skráð lögheimili í Grindavík 10. nóvember, geta skráð tímabundið aðsetur á dvalarstað sínum. Sé rýnt í upplýsingar um skráða búsetu barna og ungmenna á grunnskólaaldri (2.4.2024) kemur í ljós að flest barnanna eru með skráð aðsetur í Reykjavík (126), Reykjanesbæ (103), Hafnarfirði (54), Kópavogi (45) og Vogum (35). Í Garðabæ (29), Árborg (25), Suðurnesjabæ (18), Mosfellsbær (10) eru tíu eða fleiri börn/unglingar með skráð aðsetur.

Ljóst má vera að þegar uppkaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík koma til framkvæmda í sumar koma fjölskyldur í einhverjum tilfellum til með að flytja búferlum milli sveitarfélaga. Að öllum líkindum færast lögheimili þeirra jafnaframt úr Grindavík í nýtt sveitarfélag.

Vakin er athygli á því að í greinargerð Menntavísindasviðs kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að börn sem verða fyrir áhrifum náttúruhamfara búa við verri andlega og líkamlega heilsu í allt að þrjú ár eftir að hamförunum lýkur. Áföll af því tagi sem Grindvíkingar hafa orðið fyrir í þeim náttúruhamförum sem ekki sér fyrir endann á eru mikil og afar brýnt að brugðist sé við þeim sem fyrst. Í því skyni býður Grindavíkurbær með stuðningi stjórnvalda upp á sálfélagslegan stuðning fyrir börn og ungmenni í formi námskeiða, viðtala og fjölskylduráðgjafar. Þess er vænst að sú aðstoð haldi áfram um hríð þó svo Grindvíkingar flytji lögheimili sín. Nú er hægt að sækja um sálfélagslegan stuðning fyrir börn og unglunga frá Grindavík á island.is eða með því að senda tölvupóst á radgjof@grindavik.is.

Beiðni Grindavíkurbæjar

Grindavíkurbær biðlar til sveitarfélaga, sé þess nokkur kostur, að innrita börn í frístundastarf á vegum sveitarfélaganna í sumar hafi þau enn lögheimili í Grindavík en skráð aðsetur í viðkomandi sveitarfélagi.

Grindavíkurbær biðlar jafnframt til annarra sveitarfélaga að veita börnum fæddum á árunum 2010-2008 (8.-10. bekkur) aðgang að vinnuskólum þar sem þau hafa skráð aðsetur, hafi þau lögheimili í Grindavík. Grindavíkurbær mun greiða laun og launatengd gjöld þeirra barna. Nánari upplýsingar um hvernig sveitarfélagið mun standa að uppgjöri vegna þessa verða sendar út fyrir lok mánaðarins.

Grindavíkurbær býður jafnframt upp á samtal og aðstoð hvernig hægt er að vekja athygli á því frístundastarfi sem stendur börnum og unglingum til boða. Gott væri ef leiðbeiningar til foreldra væru skýrar hvernig þau innrita börn í frístundastarf á vegum sveitarfélaganna.

Með farsæld barna úr Grindavík í huga væri markmið með þessum aðgerðum að stuðla að virkni þeirra og auðvelda inngildingu þeirra í nýtt samfélag.

Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ og framkvæmdanefnd

Rétt er að geta þess að Alþingi hefur samþykkt lög um um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ. Framkvæmdanefndin mun fara með stjórn, skipulagningu og samhæfingu aðgerða, tryggja skilvirka samvinnu við sveitarstjórn og opinbera aðila og hafa heildaryfirsýn yfir málefnum Grindavíkurbæjar. Verkefnið hefur verið undirbúið í góðu samstarfi við bæjarstjórn Grindavíkur sem óskaði eftir samstarfi um tilhögun og stjórnarfyrikomulag verkefna við óvenjulegar aðstæður vegna jarðhræringa í Grindavík.

Framkvæmdanefnd er fjölskipað og sjálfstætt stjórnvald sem hefur með höndum fjölþætt verkefni sem snúa að úrlausnarefnum sem tengjast jarðhræringunum við Grindavík. Helstu verkefni nefndarinnar



GRINDAVÍKURBÆR

munu snúa að samfélagsþjónustu með því að starfrækja þjónustuteymi á sviði velferðar- og skólaþjónustu og framkvæmdum og viðgerðum á mikilvægum innviðum í Grindavík.

Framkvæmdanefndin mun starfrækja þjónustuteymi sem samþætta þjónustu fyrir íbúa Grindavíkurbæjar, m.a. þegar kemur að skóla- og frístundastarfi, félagsþjónustu, barnaverndarþjónustu, þjónustu við eldra fólk, fatlað fólk og aðra viðkvæma hópa og stuðningi á sviði húsnæðis- og vinnumarkaðsmála. Verkefni þjónustuteyma eru m.a. að vinna tillögur og áætlanir um stuðning við íbúana og eiga samráð við móttökusveitarfélög, stjórnvöld og aðra aðila um þjónustu við þá.

Bæjaryfirvöld í Grindavík ítreka þakkir fyrir allan þann velvilja og stuðning sem sveitarfélög hafa sýnt Grindavíkum á þessum krefjandi tímum. Sérstakar þakkir eru sendar því starfsfólki sem fer með málefni barna- og ungmenna sem hafa alltaf brugðist vel við þegar leitað hefur verið eftir samstarfi vegna málefna barna og fjölskyldna þeirra.

Með fyrir fram þökk,

Eggert Sólberg Jónsson

sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs Grindavíkurbæjar

eggert@grindavik.is